

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánud. 16-21 fimmtud. 16-21 og laugard. 10-15

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

3.árg. 10.tbl. nóvember 2023



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Það var góð skemmtun á árlegu Snitzel kvöldi Lionsklúbbsins Dynks í október, eins og sjá má á forsiðunni á Gauknum að þessu sinni. Kvöldið var vel sótt, maturinn góður og veglegir vinningar í happdrættinu. Frábært kvöld og allir sem komu að undirbúningi kvöldsins eiga hrós skilið.

Á fundi sveitarstjórnar þann 18. október var tekin ákvörðun um tímalínuna í komandi breytingum á skólamálunum hjá okkur, þannig að frá og með haustinu 2026 verði Þjórarskóli orðinn heildstæður grunnskóli með 1.-10. bekk. Þrátt fyrir mikla vinnu allan síðasta vetur við að móta nýja skólastefnu og þá ákvörðun sveitarstjórnar í apríl að stefna að heildstæðum grunnskóla í Þjórarskóla þá finnst einhverjum við vera að fara full geyst í málin. Aðrir hafa list ánægju sinni með breytingarnar, en eðlilega þegar kemur að breytingum á skólamálum eru sjónarmiðin mismunandi. Við munum á næstu dögum eiga fundi með foreldrum barna á miðstiginu í Þjórarskóla til að ræða breytingarnar, fara yfir forsendur ákvörðunarinnar og eiga samtalið um vegferðina framundan. Einnig boðum við til íbúafundar mánudaginn 20. nóvember þar sem forsendur breytinganna verða ítarlega kynntar og uppbyggingin framundan. Ég hvet sem flesta til að mæta, kynna sér málið og taka þátt í umræðunum. Það verður afmælishátíð í Þjórarskóla þann 15. nóvember í tilefni 90 ára afmælis Brautarholtsskóla og 100 ára afmæli Ásaskóla. Í tilefni af þessum merka áfanga ákvað sveitarstjórn á fundi sínum þann 1. nóvember að hefja strax framkvæmdir



Pistill frá sveitarstjóra

á skólalóðinni hjá Þjórarskóla með uppsetningu á ærslabelgi, aparólu og fleiri leiktækjum sem gera skólalóðina fjölbreyttari.

Við erum farin að undirbúa að efla aðstöðuna í Neslaug hefur sú hugmynd komið fram að bæta leikaðstöðu í lauginni með uppsetningu vatnsrennibrautar ásamt því að bæta við heitum og köldum potti. Slík breyting myndi verða mikil lyftistöng fyrir sundlaugina og trekkja marga gesti að.

Í lok október átti ég fund með Vegagerðinni og Landsvirkjun er varðar undirbúning allra þeirra vegaframkvæmda sem munu fylgja byggingu Hvammsvirkjunar. Þrátt fyrir að virkjanaleyfið og framkvæmdaleyfið hafi verið felld úr gildi er stefnt að því að sótt verði um og fengið nýtt virkjana- og framkvæmdaleyfi fyrir næsta vor. Verði það raunin mun undirbúningur allra vegaframkvæmda verða tilbúinn þegar leyfin verða klár. Það sem skiptir okkur mestu máli er bygging Búðafossvegar sem mun bæta samgöngur verulega á okkar svæði. Hönnun vegarins og nýrrar 204 metra langrar brúar yfir Þjórarsá er á

lokametrinum og útboðsgögnin verða tilbúin í lok þessa árs. Við getum því verið bjartsýn á að framkvæmdir við þessa mikilvægu samgöngubót hefjist snemma á næsta ári.

Samhliða þessu miklu vegaframkvæmdum sem fylgja byggingu Hvammsvirkjunar þarf að vinna mikið efni til vegagerðar á svæðinu. Ég tel að það muni skapa forsendur fyrir stórátaki með Vegagerðinni, að setja bundið slitlag á fleiri vegi hjá okkur á komandi árum.

Í lok október fór fram ársþing SASS (Samband sveitarfélaga á Suðurlandi) í Vík í Mýrdal. Þar komu saman kjörnir fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á Suðurlandi ásamt fjölmörgum gestum, þingmönnum

og ráðherrum. Þingið sendir frá sér fjölmargar ályktanir að málum er snúa að Suðurlandi. Það er einnig sameiginlegi vettvangurinn okkar til að styrkja og efla svæðið í heild sinni. Það er sérstaklega áhugavert að sjá hversu mikil uppbygging hefur átt sér stað í Vík síðustu ár og þar má með sanni segja að ferðapjónustan hafi gerbreytt búsetu á svæðinu. Mikil verslun og þjónusta hefur byggst upp þar ásamt fjölmörgum staðbundnum störfum sem hafa orðið til í ferðapjónustu og afleiddri þjónustu.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Afmælishátíð Þjórsárskóla

Verður haldin í skólanum 15. nóvember nk.

Nánari tímasetning auglýst síðar



Brautarholtsskóli 90 ára



Ásaskóli 100 ára

Allir velkomnir



Leikdeild UMF Bisk.

frumsýnir barna- og fjölskylduleikritið

Rúi og Stúi

eftir Skúla Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson,

með nýrri tónlist eftir Stefán Þorleifsson

í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar.



Sýnt í Aratungu:

Frumskýning: Laugard. 21. október kl. 14.00

Laugardaginn 11. nóvember kl. 17.00

Sunnudaginn 22. október kl. 15.00

Sunnudaginn 12. nóvember kl. 15.00

Miðvikudaginn 25. október kl. 19.30

Laugardaginn 18. nóvember kl. 14.00

Miðvikudaginn 1. nóvember kl. 19.30

Laugardaginn 18. nóvember kl. 17.00

Sunnudaginn 5. nóvember kl. 15.00

Sunnudaginn 19. nóvember kl. 15.00

Laugardaginn 11. nóvember kl. 14.00

Miðasala á tix.is, en einnig er hægt að panta miða með tölvupósti hjá leikdeildumfbisk@gmail.com eða með því að hringja í stjórn leikdeildar eftir kl. 17, Aðalheiður s. 616 9389, Sigurjón s. 846 7048, Eyrún s. 865 9289, Unnur s. 849 3593



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Nýir starfsmenn Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Þann 1. nóvember hófu tveir nýir starfsmenn störf hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það eru þau Hildur Hjálmsdóttir og Hilmar Þór Bryde.

Hildur er starfsmaður á skrifstofu og hennar helstu verkefni eru færsla og útgáfa reikninga, launavinnsla, upplýsingagjöf, símsvörun og fleiri tilfallandi störf. Hildur hefur lokið BSc. námi í Viðskiptafræði frá Háskólanum að Bifröst auk þess að hafa setið námskeið í bókhaldi. Hildur er búsett í Borgarási í Hrunamannahreppi með Bjarna Arnari Hjaltasyni frá Fossnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og eiga þau saman tvö börn.

Hilmar er starfsmaður í Áhaldahúsi og hans helstu verkefni eru að annast

viðhald og eftirlit með ástandi eigna sveitarfélagsins. Móttöku á gámasvæði, snjómokstur við stofnanir og fleiri tilfallandi störf sem falla undir starfsemi áhaldahúss. Hilmar er búsettur í Áshildarmýri og er giftur Gunnhildi Fjólu Valgeirsdóttur.

Þá hefur hún Dísa gámasvæðiskvendi (líkt og hún kys að kalla sig) einnig hafið störf og tekur á móti úrgangi á gámasvæðinu nokkra daga í mánuði. Frekari kynning á henni kemur í næsta Gauk, en hún óskar eftir að sjá fleiri konur koma með úrgang til sín á gámasvæðið.

Við væntum góðs af störfum þeirra og bjóðum þau velkominn til starfa.

Annríki, úttektir og viðhald á Þjórsársvæði

Þrír styrkir úr samfélagssjóði til Suðurlands


Úthlutað var úr samfélagssjóði Landsvirkjunar í ágústmánuði, í annað sinn á árinu. Að þessu sinni hlutu þrjú verkefni á Suðurlandi styrk. Ungmennafélagið Hekla fékk 500.000 krónur til að byggja upp akstursíþróttasvæði, Sinfóníuhljóm sveit Suðurlands fékk 400.000 króna styrk fyrir verkefnið Jól í Rangárþingi og Leiksskólinn Álfheimar í Árborg fékk 200.000 krónur til að kaupa Bambagróðurhús fyrir útikennslu leikskólabarna.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 30. nóvember, en um sjóðinn má lesa á vefsvæði Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Fréttir frá aflstöðinni

Sumarið og haustið hefur verið annasamt hjá starfsfólki svæðisins. Ásamt hefðbundnu eftirliti á tækjum og búnaði hefur mikill tími farið í endurbætur á rafala í vél 1 í Sultartanga. Sú aðgerð kallar á mikla vinnu og að henni kemur fjöldi aðila innan Landsvirkjunar og utan. Með endurbótunum eykst aflgeta rafala í vél 1 um u.þ.b. 10%.

Ársskoðanir á vélum eru hefðbundin og stór verkefni, en þá er farið í ítarlegt eftirlit með ýmsum hlutum vélanna sem ekki er hægt að skoða nema þær séu stöðvaðar. Við skoðanir þurfa allir að vera samstíga enda er mikilvægt að þær gangi vel til að lágmarka þann tíma sem vélin er ekki tiltæk.



Þá var tuttugu ára gömlum tjakk skipt út við Þórisvatnsmiðlun og undirbúningur hafinn að viðhaldsverkefni næsta vor, þar sem unnið verður að steypuviðgerðum á lokuvirkinu, ásamt því sem viðhaldi verður sinnt á tjökkum og lokum. Endurbætur fóru einnig fram á botnlokuhúsi Krókslóns við Sigölduvirkjun.

Stöðugt er unnið að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem felst í því að búnaður er ástands-mældur í gangi, svo hægt sé að fyrirbyggja bilanir sem valda rekstrartruflunum. Þetta er nauðsynlegt þar sem álag á raforkukerfinu er mikið og mikilvægt að allar vélar séu klárar þegar á þarf að halda. Það er frábært að vinna með góðum hópi og á þessu einstaka svæði

Tryggingaúttektir á Þjórsársvæði

Á hverju ári fáum við heimsókn frá erlendum ráðgjafa sem gerir úttektir sem tryggingafélögin nota til að varpa ljósi á rekstur Landsvirkjunar og meta áhættu við að tryggja okkur.

Þessar úttektir gefa góða mynd af rekstrinum og ástandi búnaðar í aflstöðvum Landsvirkjunar. Í haust voru úttektir í Hrauneyjafossi, Sultartanga og Búrfellsstöð. Í það er alltaf gagnlegt að fá endurgjöf frá þriðja aðila og við höfum í gegnum árin fengið margar góðar ábendingar sem við höfum getað nýtt okkur til að þróa og bæta reksturinn á stöðvunum okkar. Það er gaman að segja frá því að í lok úttektar fékk starfsfólk mikið hrós fyrir það hversu vel er gengið um stöðvarnar og viðhaldi vel sinnt.

Útfærslu breytt til að lágmarka áhrif Búrfellslundar

Búrfellslundur hefur verið í þróun frá árinu 2012 og hefur útfærslan á verkefninu tekið miklum breytingum með samráði við hagaðila, mati á umhverfisáhrifum, áliti Skipulagsstofnunar og meðferð í rammaáætlun.

Markmið þessara breytinga hefur verið að lágmarka áhrif á umhverfi og samfélag. Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið horft til þess að draga úr sjónrænum áhrifum og hefur fyrirhugað vindorkuver verið minnkað úr 200 MW í 120 MW, með allt að 30 vindmyllum í stað 67. Staðsetning á vindmyllum hefur verið færð nær núverandi orkumannvirkjum á svæðinu, auk þess sem framkvæmdasvæði hefur verið minnkað.



Fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkast af Sultartangastíflu að norðanverðu og Þjórsárdalsvegi/Sprengisandsleið að sunnanverðu. Áfram er gert ráð fyrir að vindmyllurnar verði allt að 150 m á hæð. Fyrirhugað er að kynna og auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Búrfellslundar síðla árs 2023, samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra sem einnig er í ferli. Unnið er að sameiginlegri umhverfismatsskýrslu fyrir báðar tillögurnar sem verður auglýst á sama tíma. Sótt hefur verið um virkjunarleyfi, með fyrirvara um afgreiðslu skipulagsáætlana sveitarfélagsins.

Hvammsvirkjun

Virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi

Orkustofnun gaf út virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar í desember 2022.

Tíu kærur bárust úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna þeirrar ákvörðunar. Nefndin hafnaði flestum sjónarmiðum kærenda og taldi að tilteknir annmarkar væru ekki þess eðlis að þeir gætu leitt til ógildingar leyfisins.

Það sem réði hins vegar úrslitum í málinu var að ekki hefði verið tryggt að útgáfa leyfisins væri í samræmi við svokallaða vatnaáætlun, sem fjallað er um í lögum um stjórn vatnamála. Því var virkjunarleyfið felld úr gildi. Hægt verður að uppfæra leyfið þegar Umhverfisstofnun hefur afgreitt heimild til breytinga skv. vatnaáætlun, sem sótt var um í upphafi árs.

Ákvörðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun var einnig kærð til úrskurðarnefndarinnar, sem felldi ákvörðunina úr gildi þar sem forsendur hennar hafi brostið þegar virkjunarleyfi var felld úr gildi. Áður en framkvæmdir geta hafist þarf að liggja fyrir framkvæmdaleyfi frá bæði Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.

Breytt framkvæmdaáform

Undirbúningsframkvæmdir, m.a. vegna nýs aðkomuvegar og vinnslu efnis til vegagerðar, voru boðnar út í maí. Vinna átti að hefjast í júlí, en fallið var frá öllum framkvæmdum vegna þess að virkjunarleyfið var felld úr gildi og öllum fyrirhuguðum útboðum frestað. Ekki er enn ljóst hvenær framkvæmdir geta hafist, en Landsvirkjun verður tilbúin til að hefjast handa þegar greitt hefur verið úr leyfismálum. Loks má geta þess að Vegagerðin er að undirbúa endurbætur á Hvammsvegi.

Vinnubúðir í Hvammi 3

Áformað er að vinnubúðir á framkvæmdatíma verði í Hvammi 3, sem er í eigu Landsvirkjunar. Deiliskipulag vinnubúðasvæðisins biður afgreiðslu, en athugasemdafresti lauk í byrjun október. Stefnt er að því að bjóða út framkvæmdir við tiltekt á jörðinni á næstu vikum.



Heytóft frá upphafi byggðar í vegstæði fyrirhugaðs Búðafossvegar

Tóft sem Fornleifastofnun Íslands rannsakaði í landi Vindáss í Rangárþingi ytra er talin hafa verið heystæði. Tóftin er í vegstæði fyrirhugaðs Búðafossvegar. Hún var byggð skömmu eftir að gjóska féll úr Kötlu árið 920, en yfir henni voru tvö gjóskjulög úr Heklu, hið eldra frá 1104. Tóftin er því frá fyrstu öldum byggðar. Þekking á heystæðum frá þeim tíma hefur verið mjög takmörkuð til þessa. Tóftin er fullrannsókuð og öllum fornleifarannsóknnum á svæðinu er lokið.

Minnum á heimasíðuna okkar, www.skeidgnup.is



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Stjórnsýsla

Þjónusta


Íþróttir og útivist

Fréttir



Ert þú verktaki, iðnaðarmaður, teiknari, smali – og vilt vinna fyrir sveitarfélagið?

Kynntu þér möguleikana á að gera þjónustusamning við Skeiða- og Gnúpverjahrepp



Gaukurinn



Hvenær eru réttir?



Sorpmál og rotþrær



Fundargerðir

Fréttir og tilkynningar



Boðað er til 31. fundar sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

31. sveitarstjórnarfundur er boðaður miðvikudaginn 1. nóvember 2023

30.10.2023



Matreiðslumanntar í Flúðaskóla

Matreiðslumannntar í 100% starf í Flúðaskóla

20.10.2023



Skemmtileg vinna í boði- hentug fyrir skólafólk

Leitað er að ábyrgum einstaklingum til þess að vera lóðveitendur

17.10.2023



30. sveitarstjórnarfundur

Boðað er til 30. fundar sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi, miðvikudaginn...

16.10.2023

Úrval af hunda- og kattafóðri



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Skeiðalaug



Opnunartími:

Mánudaga 16:00 – 21:00

Fimmtudaga 16:00 – 21:00

Laugardaga 10:00 – 15:00

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu í sumar og er enn verið að vinna í þeim. Á næstu vikum koma tveir nýir heitir pottar og þurrugufa. Einnig verður flísalagt kantinn á sundlauginni. Opið verður eins mikið og hægt er á meðan framkvæmdir standa yfir.

Sjáumst í Skeiðalaug!

Gamla dularfulla húsið

9. Þáttur: október

Það var komið fram í október og ég gat ekki verið hérna mikið lengur. Við fáum samt góðan mat, en þurfum að nota fötu í staðin fyrir að fara á klósettið. Það eina sem ég hef gert í þessu herbergi er að lesa eldgamlar bækur og tala við Stef og Bjarka. En einn dag, þann 18. október, þá breyttist allt sem ég vissi um Jónas til hins verra.

Hvar eru uppvakningarnir mínir? hugsaði Karlsson. Hann sveif um húsið á meðan hann beið. „Mig vantar demantinn, HVAR ERU ÞESSIR ÞRÆLAR!“ gargaði hann. Karlsson nennti ekki að bíða lengur, fór niður í kjallarann og flaug inn í einn af uppvakningunum sínum. „Ég geri þetta sjálfur“ sagði Karlsson um leið og hann sveiflaði hendinni í átt að


hurðinni í kjallaranum sem við það flaug af hjörunum og þeyttist út í horn.

Ég varð að komast út. Einn daginn fékk ég hugmynd um það hvernig ég gæti sloppið. Ég gekk að fötunni (sem lyktaði illa en ég hafði vanist henni), greip í handfangið á henni og náði að jugga því nægjanlega mikið til, þangað til að það losnaði af fötunni. Ég hljóp yfir að hurðinni og reyndi að dýrka upp læsinguna. Það tókst að lokum og út komst ég. Ég náði líka að opna læsinguna á hurðini hjá Stef og Bjarka. Við fórum fram og skoðuðum okkur um húsið. Þegar ég gekk fram hjá herberginu hans Jónasar fannst mér ég sjá eitthvað óvenjulegt. Það var tafla á veggnum sem leit út eins og svona rannsóknarborð hjá löggunni. Á henni var fullt af myndum af uppvakningunum og alls kyns texti um þá. Skyndilega heyrði ég rödd fyrir aftan mig. „Ég sé að þú hefur fundið það sem þú varst að leita að. Er það ekki“? spurði Jónas. „Ég held að það sé kominn tíminn til þess að ég útskýri hvað er í gangi hér. En þið verðið þá öll að treysta mér“.



Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna frumsýndi barna- og fjölskylduleikritið **Rúi og Stúi** 21. okt. síðast liðinn. Við lofum mikilli skemmtun fyrir börn og fullorðna og vonumst til að þið skellið ykkur í Aratungu og skemmtið ykkur með okkur. Leikstjóri er Ólafur Jens Sigurðsson og frumsamin tónlist er eftir Stefán Þorleifsson. Sýningartíma er hægt að sjá inni á [Tix.is](https://www.tix.is) en miða má einnig kaupa við innganginn eða panta í síma 6169389.





HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Helgihaldið hefur verið með svipuðu sniði og áður þetta haustið. Bleik kaffihúsamessa var haldin í félagsheimilinu í október og var hún afar vel sótt. Í lok október var farið í eftirminnilegt ferðalag í Vatnaskóg með fermingarbörnum prestakallsins en öllum nemendum í 8. bekk stóð til boða að fara með. Fjölbreytt dagskrá, matur, leikir, fræðsla og útivist var meðal þess sem börnin fengu að njóta í einmuna haustblíðu. Fræðslusamverur með fermingarbörnum eru vikulega í safnaðarheimili Hrunakirkju. Kirkjukórarnir okkar hófu formlegar æfingar eftir réttir nú í haust og æfa þeir báðir á mánudagskvöldum undir stjórn organistanna Þorbjargar Jóhannsdóttur (Stóra-Núps- og Ólafsvalla) og Eyrúnar Jónasdóttur (Hruna- og Hrepphóla). Nú í byrjun nóvember fór sóknarnefndarfólk í Hrunaprestakalli ásamt presti og organista í heimsókn í Odda og átti þar góðan fund með sóknarnefndarfólki þar, organista og presti. Fyrst var Oddakirkja skoðuð en síðan var sest niður og rætt um verkefni sóknarnefnda og helstu áskoranir þeirra. Þetta reyndist virkilega upplýsandi og ánægjuleg heimsókn fyrir alla.

Framundan í helgihaldinu:

19. nóvember - sunnudagur: Guðsþjónusta í Hrepphólakirkju kl. 11 og kvöldvaka í Stóra-Núpskirkju kl. 20.

2. desember - laugardagur: Helgistund í Hrunakirkju kl. 14 og helgistund í Hrepphólakirkju kl. 15. Kveikt á ljósum í kirkjugörðum.

3. desember – fyrsti sd. í jólaföstu:

Aðventuhátíð í Árnesi kl. 15. Nemendur úr Þjórskóla syngja og leika. Fermingarbörn verða með upplestur. Ræðumaður verður Krístrún Heimisdóttir lögfræðingur og varaforseti Kirkjuþings. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

Aðventukvöld í Hrunakirkju kl. 20. Kirkjukórinn syngur, fermingarbörn verða með upplestur og flutt verður jólasaga. Ræðumaður er Guðmundur Brynjólfsson, rithöfundur og djákni. Almennur söngur. Kaffiveitingar á eftir.

4. desember – mánudagur: Opin æfing hjá Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna í Stóra-Núpskirkju kl. 20.

Svo styttist í jólin...sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Sveitarstjórn 2022-2026. 29. fundur 4. október kl. 09:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson og Axel Á. Njarðvík.

Fundargerð ritaði: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 29. sveitarstjórnarfund

Auka aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga.

Fundur með Skipulagsstofnun vegna Búrfellslundar.

Morgunfundur KPMG um Vindorku.

Heimsókn til Pure North í Grósku.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

Fyrirhugaður íbúafundur um dæluvirkjun í Vörðufelli.

Fundur fjárhagsnefndar SASS.

Stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdalsins.

Vikulegir verkefnafundir á skrifstofu.

Heimsókn byggðaðþróunarfulltrúa og ferðamálafulltrúa.

Orkídea heimsókn.

Atvinnuviðtöl.

Húmfaxi verkefnafundur.

Fundur með Reykhólahreppi um vindorkuuppbyggingu.

Kynning fyrir stjórn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga.

Fundur með Samorku.

Fundað vegna líðveislu í Skafttholti.

Fundur með verkfræðistofu Eflu vegna skilgreiningar á nærumhverfi orkuframleiðslu.

Þjóðveldisbærinn – heimsókn.

Fjallaböðin – framkvæmdir hefjast.

2. Lóðamál – úthlutanir og innkallanir á lóðum sveitarfélagsins

Búið er að úthluta töluverðum fjöldi lóða í sveitarfélaginu sem ekki hafa hafist framkvæmdir á. Í sumum tilfellum hefur lóðaleigusamningur verið gerður þrátt fyrir að ekki séu hafnar

framkvæmdir. Mikilvægt er að tryggja aðgengi að lóðum í sveitarfélaginu til þeirra sem vilja hefja framkvæmdir og að farið sé eftir skilgreindum fresti til að hefja framkvæmdir á úthlutaðum lóðum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggur áherslu á að komið verði upp sér svæði á heimasiðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem framboð lóða sé aðgengilegt. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og fjármálastjóra uppfæra reglur um úthlutun og að leggja gatnagerðargjöld á þær eignir sem búið er að úthluta en ekki er búið að leggja gatnagerðargjöld á. Sveitarstjóra er jafnframt falið að eiga samtál við þá lóðarhafa sem ekki hafa hafið framkvæmdir á innan tilskilins frests í samræmi við lóðarleigusamninga.

3. Samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýli Skeiða- og Gnúpverjahrepps- síðari umræða

Lagt fram til síðari umræðu breyting á samþykkt um gatnagerðargjöld í þéttbýli Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fyrri umræða fór fram hinn 5. apríl sl.

Lagt er upp með að hundraðshluti af verðgrunni gatnagerðargjalds verði:

Notkun/húsgerð

Einbýlishús 8%

Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús 8%

Fjölbýlishús 6%

Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhús 2%

Lönaðar-, geymslu- og annað atvinnuhúsnæði 2%

Aðrar byggingar 2%

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum breytta gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld í þéttbýli Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

4. Hitaveita Brautarholts

Búið er að bora nýja 123 metra djúpa hitaveituholu við hlið núverandi dæluhúss. Hitinn í holunni mælist 72,5 gráður og nægt vatnsmagn til framtíðar. Á þeim tíma sem unnið var að borun þurfti ítrekað að taka af heita vatnið sem orsakaði mikið þjónusturof og truflanir fyrir notendur hitaveitu Brautarholts. Lagt til að ekki verði send rúkkun fyrir

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



1 mánuð til allra notenda til að koma til móts við þá þjónustuskerðingu sem var á framkvæmdatímanum. Frágangur er eftir við að byggja yfir nýju holuna ásamt því að tengja hana og færa núverandi dælur yfir í nýju holuna. Einnig er stefnt að því að setja upp stafræna mæla hjá öllum notendum ásamt því að fara í múrviðgerðir á dæluhúsinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að nóvember mánuður verði gjaldfrjáls mánuður hjá notendum hitaveitu Brautaholts. Sveitarstjóra falið að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir múrviðgerðir á dæluhúsi ásamt endurnýjun mæla hjá öllum notendum.

5. Orkídea og grænir iðngarðar í Árnesi

Sveinn Aðalsteinsson og Magnús Yngvi Jósefsson frá Orkídeu koma inn á fundinn til að kynna starfssemi Orkídeu, hvað felst í grænum iðngörðum og ræða möguleika á samvinnu í uppbyggingu grænna iðngarða í Árnesi. Á svæðinu fer fram mesta raforkuframleiðsla landsins, griðarlega mikið ónýtt landbúnaðarland er til staðar með fjölmörgum tækifærum, ásamt heitu vatni og grunninnviðum sem þurfa til að byggja upp öflugt nýsköpunarsamfélag nýtir auðlindir nærumhverfisins á ábyrgan hátt.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þakkar Sveini og Magnúsi fyrir áhugaverða kynningu og gott samtál.

6. Vetrarþjónusta á stofnvegi nr. 31 og 32

Í Uppsveitum Árnessýslu eru íbúar á fjórða þúsund. Á svæðinu eru á fimmta þúsund frístundahúsa og margir af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins eru í Uppsveitunum. Umferð á svæðinu er því margfalt meiri en íbúafjöldi segir til um. Til þess að samfélagið geti gengið sinn vanagang allt árið um kring er grunnforsendan að stofnvegir á svæðinu séu í 7 daga vetrarþjónustu. Stofnvegur nr. 31 sem liggur frá Skeiðavegi (stofnvegur nr. 30), í gegnum Laugarás og yfir að Biskupstungnabraut (stofnvegur nr. 35) og Þjórsárdalsvegur (stofnvegur nr. 32) eru aðeins í 5 daga vetrarþjónustu þrátt fyrir að vera mikilvægar vegtengingar og samgönguleiðir innan Uppsveitanna. Framangreindar leiðir skapa forsendur fyrir því að fólk geti búið og starfað innan Uppsveitanna, þvert á sveitarfélagamörk.

Nær öll börn sveitarfélagsins eru keyrð með skólabílum á degi hverjum í gegnum Þjórsárdalsveg (stofnveg 32). Eins og vitað er liggur stofnvegur 31 í gegnum Laugarás þar sem heilsugæsla uppsveitanna er. Eðli málsins samkvæmt sækir heilsugæsluna fólk

sem er veikt eða í viðkvæmri stöðu og svo starfsfólk heilsugæslunnar. Það er því með öllu ótækt að þessir íbúar okkar þurfi einnig að takast á við krefjandi, hættuleg eða ófær akstursskilyrði þegar veður er með þeim hætti. Þessu mætti líkja við að enginn rampur væri við útidyr heilsugæslunnar.

Í ríkisstjórnarsáttmálanum kemur skýrt fram að stuðla eigi að búsetufrelsi um land allt og að opinber störf verði auglýst sem störf án staðsetningar, sé slíkt mögulegt. Nokkuð ljóst er að forsenda fyrir búsetufrelsi mun ávallt verða bundið við öruggar samgöngur allt árið um kring. Í Uppsveitunum er fjöldi fólks sem reidir sig á að geta komist til vinnu og sótt aðra þjónustu um stofnveg nr. 31 og 32 en ítrekað lendir í vandamálum að vetri til þar sem vegurinn er ekki skilgreindur í 7 daga vetrarþjónustu, einungis þjónustu 5 daga í viku. Forsenda þess að Uppsveitirnar í heild séu eitt svæði, bæði til búsetu og vinnu, eru öruggar samgöngur.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á Vegagerðina að gæta jafnræðis milli allra íbúa Uppsveitanna og tryggja 7 daga vetrarþjónustu á öllum stofnvegum. Kjósi Vegagerðin að hunsu slík tilmæli óskar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir rökstuðningi frá Vegagerðinni um hvers vegna Vegagerðin telji sig geta mismunað íbúum Uppsveitanna með því að hafa ekki sömu þjónustu á stofnvegum á svæðinu.

7. Sjókvíaelði og ganga eldislaxa í ár

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru fjölmargar fiskgengar ár með tilheyrandi hlunnindum. Hvítá með Stóru Laxá sem þverá, Þjórsá með sínum þverám Kálfá, Þverá, Sandá/Hvammsá og Fossá. Allar þessar ár eru fiskgengar og gefa landeigendum jarða sem að þessum ám liggja hlunnindatekjur ásamt því að skapa staðbundin störf

Sjóeldið sem stundað er víða um landið hefur sannað þá ógn við hina hreinu stofna sem ganga upp í íslenskar ár og gerir það eftirsótt fyrir veiðimenn að koma í árnar okkar. Erlendir veiðimenn hafa komið til veiða í árnar öldum saman og skilja eftir sig miklar tekjur og störf við þjónustu margskonar svo sem við veiðihúsin og leiðsögn.

Núverandi staða þar sem eldislax hefur sloppið í þúsundatali talið er með öllu óásættanleg. Leikreglur verða að vera skýrar og eftirlit með þeim hætti að tryggt sé að slík ógn vofi ekki yfir um land allt sem getur ógnað öðrum búgreinum og atvinnuuppbyggingu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á ríkisstjórnina að tryggja lagalegt umhverfi sjókvíaeldis á þann hátt að það geti ekki stofnað öðrum atvinnuvegum víðsvegar um landið hættu. Ekki er hægt að una við að störf og hlunnindi séu í hættu um land allt sökum umhverfisslys á sjókvíaeldi.

8. Aðalfundur Bergrisans - kjörbréf

Aðalfundur Bergrisans fer fram mánudaginn 16. október nk. Skipa þarf þrjá fulltrúa og þrjá til vara til að fara með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum..

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar Harald Þór Jónsson, Bjarna H. Ásbjörnsson og Axel Á. Njaróvik sem aðalmenn á fundinn. Til vara Vilborg Ástráðsdóttir, Gunnar Örn Marteinsson og Sylvía Karen Heimisdóttir.

9. Áskorun frá félögum eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu

Lögð fram áskorun frá félagi eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu er varðar að bæta og tryggja heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Sveitarstjórn tekur undir áskorun frá félagi eldri borgara í Uppsveitum Árnessýslu og telur viðbragðstíma ef sjúkdóm eða slys bera að höndum vera lengri en eðleigt getur talist og þar með óásættanlegt.

10. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Lögð fram umsókn frá Reykjavíkurborg um skólavist nemenda sem hefur ekki lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum skólavist fyrir veturinn 2023-2024.

11. Skipun í stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum

Gunnar Örn Marteinsson hefur óskað eftir að fara úr stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum. Skipa þarf nýjan fulltrúa fyrir hann.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að skipa Harald Þór Jónsson í stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum.

12. Bréf til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti

Lagt fram bréf frá Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytinu er snýr að innviðum fyrir boðuð orkuskipti.

13. Bréf til sveitarfélaga vegna framlaga til aðgengismála

Lagt fram til kynningar bréf er snýr að framlögum til aðgengismála.

14. Fundargerð 7. fundar Skólanefndar

Fundargerð skólanefndar lögð fram til kynningar.

Í samræmi við lið 3 staðfestir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps með fimm atkvæðum reglur um myndbirtingar úr skólastarfi. Umræður um lið 4 frestað til næsta fundar. Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar

15. Fundargerð 11. fundar Seyrustjórnar

Fundargerð 11. fundar Seyrustjórnar lögð fram til kynningar ásamt meðfylgjandi greinargerð um rekstrarform Seyrustaða. Taka þarf afstöðu til liðar 3 í fundargerðinni er snýr að rekstrarfyrirkomulagi Seyrustaða til framtíðar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur mikilvægt að einfalda utanumhald núverandi samstarfsverkefna og þar sem öll aðildarfélög Seyrustaða eru sömu aðildarfélög Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps best kosturinn að flytja starfssemi seyrustaða inni byggðasamlag UTU. Þá þurfi ekki að stofna nýtt einkahlutafélag eða byggðasamlag utan um reksturinn, heldur verði hagræðing með því að flytja starfsseminu inni núverandi byggðasamlag. Einnig eru tækifæri til samlegðaráhrifa í rekstri innan eins byggðasamlags.

16. Fundargerð 1. fundar Atvinnu- og samgöngunefndar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

17. Fundargerð aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga 19. september 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð 598., 599. og 600. fundar stjórnar SASS. fundur Atvinnu- og samgöngunefndar

Fundargerð lagðar fram til kynningar.

19. Fundargerð 8. fundar stjórnar Byggðarsafns Árnesinga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

20. Fundargerð 933. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

21. Fundargerð 102. fundar stjórnar UTU

Fundargerð lögð fram til kynningar.

22. Fundargerð 207. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:40. Næsti fundur sveitarstjórnar

ákveðinn miðvikudaginn 18. október, kl. 9.00, í Árnesi.

Sveitarstjórn 2022-2026. 30. fundur 18. október kl. 09:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson og Axel Á. Njarðvík. Fundargerð ritaði: Sylvía Karen Heimisdóttir Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Skýrsla sveitarstjóra á 30. sveitarstjórnarfundum Vinnufundur Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu.

Kjördæmavika - fundir með þingmönnum.

Fundur með Landsvirkjun.

Atvinnuviðtöl.

Fundur m/Vindorku hóp ráðuneytisins.

Hautfundur Héraðsnefndar Árnesinga.

Hautfundur Landsvirkjunar.

Fundur með faghópi 3 í Rammaáætlun.

Aðalfundur Berggrisans.

Heimsókn forstjóra og stjórnar Landsnets.

Íbúafundur í Reykholti v/heilsugæslu.

2. Skólastefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps - seinni umræða

Haustið 2022 hófst vinna við nýja skólastefnu undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors í kennslufræðum. Stefnan var unnin í samráði við nemendur, kennara og íbúa sveitarfélagsins. Þessari vinnu lauk á fyrri hluta ársins 2023. Fyrri umræða um skólastefnuna fór fram í sveitarstjórn þann 19. apríl síðastliðinn og var þá samþykkt að vísa framtíðaráformum í skólamálum sveitarfélagsins til annarrar umræðu.

Þessi nýja skólastefna hefur verið kynnt íbúum og öðrum með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt því að haldinn var íbúafundur þann 3. maí þar sem skólastefnan var kynnt, þar á meðal að stefnt væri að heildstæðum grunnskóla með 1.-10. bekk í Þjórsárskóla.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2023 - 2028. Með henni er gert ráð fyrir því að 1.-10. bekkur verði í Þjórsárskóla enda gera spár ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa og nemenda á næstu árum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir jafnframt, að framvegis verði ekki

sendir fleiri árgangar í Flúðaskóla. Þeir nemendur Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem stunda nú nám í 8.-10. bekk Flúðaskóla munu klára skólagöngu sína þar. Haustið 2024 munu árgangar í 1.- 8. bekk vera í Þjórsárskóla, Haustið 2025 verði árgangar 1.- 9. bekkjar í Þjórsárskóla og frá og með haustinu 2026 verði Þjórsárskóli orðinn heildstæður grunnskóli með árganga frá 1.-10. bekkjar.

3. Þróunarsjóður skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Á fundi skólanefndar þann 25. september voru lögð fram drög að reglum um vísinda- og endurmenntunarsjóð fyrir Skólasamfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skólanefnd samþykkti að sjóðurinn yrði stofnaður og samþykkti reglur um Þróunarsjóð fyrir skólasamfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ásamt því að vísa þeim til sveitarstjórnar til samþykktar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að stofna Þróunarsjóð fyrir skólasamfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og felur formanni skólanefndar og fjármálastjóra að útfæra reglur sjóðsins nánar. Stofnframlag sjóðsins skal verða 2.000.000 kr. og tekur hann til starfa á árinu 2024. Fjármálastjóra falið að gera ráð fyrir framlaginu í núverandi vinnu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.

4. Vinnustytting í Þjórsárskóla

Lagt fram bréf frá trúnaðarmanni f.h. kennara í Þjórsárskóla, er varðar útfærslu á vinnutímastyttingu í Þjórsárskóla.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísar erindinu til umfjöllunar í skólanefnd.

5. Jafnlaunakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, innri og ytri úttekt

Innri úttekt og ytri úttekt jafnlaunavottunar fór fram í september og október. Samhliða var gerð launagreining og eru niðurstöðurnar mjög góðar. Frávik voru 2,4% konum í hag og fylgni milli starfafflokkunar og þeirra launa sem greidd eru (R2) er 97,5%. Eru niðurstöður vel innan markmiða skv. jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Innri úttektin var gerð af Stratégía ehf. og ytri úttekt af BSI á Íslandi ehf. Engin frávik eða athugasemdir komu fram í úttektunum og er það mat úttektaraðila að jafnlaunakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Voru úttektirnar liður í viðhaldsúttekt á kerfinu og endurútgáfu á jafnlaunavottorði sem mun gilda til

ársins 2026. Áfram verður unnið að umbótum á kerfinu eins og verið hefur. Skýrslur úttektaraðila lagðar fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fagnar góðri niðurstöðu jafnlaunavottunar sem sýnir skýrt að verið er að nota jafnlaunakerfið ekki bara til jöfnunar heldur við reksturinn í heild.

6. Skipun fulltrúa í starfshóp vegna móttökuáætlunar

Í aðgerð númer 5 í Atvinnumálastefnu Uppsveitanna er lagt til að stofnaður verði vinnuhópur um móttökuáætlun. Hlutverk vinnuhópsins er að vinna móttökuáætlun vegna móttöku nýrra íbúa. Skipa þarf einn aðalmann og einn til vara.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar Sáru Annamária Herczeg sem aðalmann og Hrönn Jónsdóttur til vara.

7. Þjóðveldisbærinn - deiliskipulag

Í sumar tók nýr rekstraraðili við rekstri á Þjóðveldisbænum. Fyrir liggur að byggja þarf upp og bæta innviði eins og móttöku, salernisaðstöðu, starfsmannaaðstöðu, frárennsli og fleiri þætti. Þjóðveldisbærinn er í þjóðlendum og mikilvægt er að deiliskipuleggja svæðið og skilgreina þær heimildir sem leyfa ber á svæðinu. Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins mun leiða vinnuna við deiliskipulagið sem vinna þarf í samráði við Forsætisráðuneytið og Umhverfisstofnun.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Þjóðveldisbæinn.

8. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands leitar að styrktaraðilum

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands hefur verið starfræktur frá árinu 2002 og hefur það markmið að veita styrki til námsfólks sem vinnur að rannsóknarverkefnum til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnin skulu tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíæðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir landshlutann eða hluta hans.

Afgreiðslu frestað. Sveitarstjóra falið að afla meiri upplýsinga um sjóðinn.

9. Kvinnaverkfall 24. október

Boðað hefur verið kvinnaverkfall þriðjudaginn 24. október þar sem konur eru hvattar til að leggja niður störf. Um 90% af starfsfólki Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru konur. Sveitarstjórn metur vinnuframlag kvenna mikils og styður heilshugar við réttindabaráttu kvenna. Kjósi konur sem starfa

hjá sveitarfélaginu að leggja niður störf þennan dag mun það óhjákvæmilega leiða til þess að ekki verður hægt að halda opnum leikskóla og grunnskóla. Það er í höndum skólastjórnenda að gera ráðstafanir ef þess verður þörf og upplýsa foreldra um stöðuna.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að laun þeirra kvenna sem leggja niður störf 24. október, til að taka þátt samstöðufundi um réttindabaráttu kvenna, verða ekki skert.

10. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 267

Grandi L166643; Votadæl 1, 3 og 5; Fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2211025

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Granda L166643 (Votadæl) úr jörð Sandlækjar eftir auglýsingu. Í breytingunni felst fjölgun lóða og byggingarreita innan svæðisins. Eftir breytingu er gert ráð fyrir 3 lóðum á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 3 hús á hverri lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03. Heimilt er að byggja íbúðarhús m/bílskúr, gestahús og skemmu/geymslu í samræmi við nýtingarhlutfall. Athugasemdir bárust við gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar frá Skipulagsstofnun og er sú afgreiðsla lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt andsvara.

Í athugasemdum Skipulagsstofnunar er tilgreint að samkvæmt ákvæðum aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps sé ekki gert ráð fyrir nýjum byggingum á landbúnaðarsvæðum í flokki I og II. Að mati sveitarstjórnar er viðkomandi ákvæði aðalskipulags mikilvægt til að vernda gott landbúnaðarland gagnvart ágangi uppbygginga, sérstaklega innan bújarða. Hins vegar telur sveitarstjórn að viðkomandi land sem tillagan tekur til sé ekki þess eðlis að veruleg skerðing á góðu landbúnaðarlandi hljóti af við uppskiptingu þess og skilgreiningu byggingarreita þar sem landið tekur eingöngu til 5 ha svæðis sem hingað til hefur ekki verið nýtt til landbúnaðar. Í stefnu aðalskipulags má ráða að framlögð ákvæði teljist ekki bindandi heldur séu háð mati hverju sinni.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn Skipulagsstofnunar með fullnægjandi hætti í framlagðri bókun. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send

Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. Fundargerð Atvinnu- og samgöngunefndar nr. 2

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Varðandi lið 1, beiðni til sveitarstjórnar um að reisa atvinnuhúsnæði, þá hefur sveitarfélagið úthlutað lóð til Búnaðarfélags Gnúpverja sem er að undirbúa byggingu á húsnæði með iðnaðarbilum. Einnig hefur sveitarfélagið nýverið gengið frá kaupum á landi þar sem skipulagðar eru 10 lóðir undir atvinnustarfsemi. Stofnun lóðanna er í vinnslu og munu þær verða auglýstar á komandi mánuðum.

Varðandi lið 2, þá hefur engin ákvörðun verið tekin um lokun tjaldsvæðisins. Vinna er í gangi við að móta skipulag til framtíðar í Árnasi. Ljóst er að mikil uppbygging er framundan sem mun skapa traustan grunn undir núverandi atvinnustarfsemi í Árnasi og byggja undir starfsemi allt árið um kring. Miðað við framtíðarskipulag í Árnasi liggur fyrir að tjaldsvæðið er víkjandi á því svæði sem það er á í dag. Gera má ráð fyrir mikilli uppbyggingu íbúða, hótels, stækkun skóla og byggingu fyrirtækjamiðstöðvar og íþróttahúss.

12. Fundargerðir Bergrisans bs.

Fundargerðir 62. og 63. fundar lagðar fram til kynningar.

13. Fundargerð Hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins 3.10.2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

14. Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla

Árnesinga

Fundargerðir nr. 208. og 209. lagðar fram til kynningar.

15. Fundargerð framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu

Fundargerð 3. fundar lögð fram til kynningar.

16. Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu

Fundargerðir nr. 11., 12. og 13. lagðar fram til kynningar.

17. Fundargerð stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð nr. 934. lögð fram til kynningar.

18. Fundargerð stjórnar SOS

Fundargerð frá 2.10.2023 lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 11.45. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 1. nóvember, kl. 9.00, í Árnasi.

		4	8	6			3	
		1					9	
8					9		6	
5			2		6			1
	2	7			1			
				4	3			6
	5							
		9				4		
			4				1	5

9		4				5		
		7	8					
6			5					7
	3		1			4		6
1		6			8			
	4		3		9	2		8
			7	3				5
	6						7	
		8	4	5			6	2

ÍBÚAFUNDUR

Mánudaginn 20. nóvember kl. 20:00
verður haldinn íbúafundur í Árnesi.

Dagskrá:

- Verkefni síðustu mánaða
Rekstur sveitarfélagsins
Framtíðarhorfur

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

- Skólamál - tölulegar upplýsingar

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

- Skólastefna og uppbygging
framundan í Þjórsárskóla

Vilborg Ástráðsdóttir, sveitarstjórn / formaður skólanefndar

- Umræður

Hvetjum alla íbúa til að mæta